

Fundargerð 205. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 4. júlí 2018
Fundartími:	8:30 – 11:00
Fundarmenn:	Árni Eiríksson Rósa Matthíasdóttir Hrafnkell Guðnason Margrét Jónsdóttir Sigurður Ingi Sigurðsson Guðmundur Daníelsson verkefnisstjóri Flóaljóss Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að bæta við dagskrána undir önnur mál, afgreiðslu á erindi Árborgar um framkvæmdaleyfi. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Aðalskipulag Flóahrepps 2016 – 2028

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillaga að Aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029. Tillagan var auglýst þann 18. apríl 2018 með athugasemdafresti til 31. maí 2018. Á kynningartíma bárust 2 athugasemdir og ein umsögn. Er tillagan nú lögð fram með minniháttar breytingum til að koma til móts við ýmis atriði umsagna og athugasemda. Þá er jafnframt lagt fram minnisblað þar sem fram koma tillögur að umsögn og viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum innkominna athugasemda og umsagnar.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að aðalskipulagi eins og hún er hér lögð fram. Jafnframt er samþykkt tillaga að umsögn um innkomnar athugasemdir og umsagnir. Er skipulagsfulltrúa falið að senda aðalskipulagið til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 158 dags. 14.06.2018

a) Krákumýri lnr.224829: Skemma/hesthús og ferðapjónustuhús: Nýir byggingarreitir: Deiliskipulagsbreyting – 1803046

Lögð fram að nýju umsókn Ægis Sigurðssonar um breytingu á deiliskipulagi Krákumýrar L224829. Óskað er eftir að bætt verði við einum byggingarreit fyrir hesthús/gróðurhús allt að 300 m² að stærð. Breyting frá fyrra erindi dags. 12.03.2018 er að byggingarreitur fyrir ferðapjónustuhús er tekinn út.

Að mati nefndarinnar er breytingin óveruleg og leggur nefndin til að hún verði samþykkt skv. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um að gögn verði lagfærð í samráði við skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Grænhólar lóð 1 L218185: Grænhólar 1: Breytt heiti lóðar – 1805076

Lögð er fram umsókn Helga Gunnarssonar og Önnu S. Árnadóttur dags. 18.05.2018.

Óskað er eftir breytingu á heitinu Grænhólar lóð 1 í Grænhólar 1.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á heiti lóðar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Arnarstaðir L166220: Arnarstaðir lóð L166290: Afmörkun jarðar og sameining – 1806017

Lögð fram umsókn Gunnars B. Gunnarssonar og Guðríðar Þ. Valgeirsdóttur dags.

02.06.2018 um staðfestingu á hnitsettri afmörkun jarðarinnar Arnarstaðir 1 L166220.

Jörðin er í dag skráð 0,0 fm í fasteignaskrá en verður 245,6 ha skv. hnitsettri afmörkun.

Jafnframt er óskað eftir því að sumarhúsalóðin Arnarstaðir lóð L166290 verði sameinuð jörðinni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun og stærð jarðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda lóðarhafa aðliggjandi lóða á lóðarmörkum. Jafnframt gerir nefndin ekki athugasemd við að sumahúsalóð verði sameinuð við jörðina.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 80 1805006F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 30. maí 2018.

3. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 159 dags. 28.06.2018

a) Fljótshólar lóð L165475: Fljótshólar 1 L165474: Niðurfelling lóðar – 1806064

Lögð fram umsókn Hafsteins Rúnars Gunnarssonar dags. 22. júní 2018 f.h. landeigenda þar sem óskað er eftir að fella lóðina Fljótshólar lóð L165475 inn í upprunajörðina Fljótshólar 1 L165474. Fyrir liggur samþykki allra þinglýstra eigenda lóðarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðni um niðurfellingu landnúmers og að landið falli undir jörðina Fljótshóla 1 með fyrirvara um samþykki eigenda jarðarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Skálmholt land F lnr 199346: Steinhólar – Deiliskipulag – 1802011

Lögð fram, að lokinni kynningu skv. 4 mgr. 40. gr. skipulagslaga, tillaga að deiliskipulagi fyrir tvö íbúðarhús, bílskúr, útihús, geymslu og vélarskemmu á um 5,4 ha svæði í landi Steinhóla L199346 (áður Skálmholt land F) Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 9. maí s.l. Engar athugasemdir bárust. Fyrir liggja umsagnir Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlitsins og hefur deiliskipulagstillagan og greinargerð verið lagfærð í samræmi við ábendingu Minjastofnunar um að bæta við útlínum tóftar innan svæðisins.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps, (fyrrum Villingaholtshreppi) 2006-2018. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Langholt 2 lnr. 166249: Tvær íbúðarhúsalóðir: Deiliskipulag – 1802012

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4 mgr. 40. gr. skipulagslaga, tillaga að deiliskipulagi fyrir tvær íbúðarlóðir á um 4 ha lands undir íbúðarhús, bílskúr og skemmu að Langholti 2. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 9. maí s.l. Engar athugasemdir bárust.

Fyrir liggja athugasemdarlausar umsagnir Minjastofnunar, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlitsins.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps (fyrrum Hraungerðishreppi) 2003 – 2015. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Vatnsholt 2 L166398: Hrútholt: Deiliskipulag – 1806063

Lögð fram umsókn frá Jóhanni Helga Hlöðverssýni um nýtt deiliskipulag í Vatnsholti 2 í Flóahreppi. Deiliskipulagið tekur til svæðis undir 15 íbúðarhúsalóðir auk tveggja byggingarreita undir annarsvegar íbúðarhús og bílskúr og hinsvegar hesthús. Svæðið er skilgreint í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps sem blönduð landnotkun – landbúnaður og íbúðarsvæði.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Flóahrepps 2006 – 2018 (fyrrum Villingaholtshreppi) Skipulagsnefnd samþykkir að lýsing á deiliskipulagstillögu verði kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúi mun afla umsagna Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Vegagerðarinnar og Minjastofnunar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

e) Brúnastaðir 1 L166228: Brúnastaðir 1A og Brúnastaðir 1B (áður lóð) L197110: Stofnun og stækkun lóða – 1806066

Lagðar fram umsóknir Höllu Kjartansdóttur, dags. 21. júní 2018, f.h. eigenda Brúnastaða 1 L166228. Jafnframt er óskað eftir að Brúnastaðir lóð L197110 fái heitið Brúnastaðir 1B Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna með fyrirvara um lagfæringu á gögnum í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Þá er ekki gerð athugasemd við heiti lóðar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18 – 81 – 1806002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. júní 2018.

- 4. Tillaga að endurskoðuðum reglum vegna fjarnáms í leikskólakennarafræðum**
Lögð fram tillaga Guðbjargar Þorkelsdóttur skólastjóra Krakkaborgar að reglum fyrir leikskólann Krakkaborg, vegna fjarnáms í leikskólakennarafræðum.
Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með fyrirbyggjandi reglur en vísar tillögunni til fræðslunefndar Flóahrepps til umsagnar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 5. Skólavistun Flóaskóla haustönn 2018**
Lögð fram tillaga að lengdum opnunartíma skólavistunar í Flóaskóla í ágúst 2018.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu. Gjald fyrir hvern heilan dag verði kr. 2.000 pr. barn.
- 6. Fundartímar sveitarstjórnar**
Lögð fram eftirfarandi tillaga oddvita Flóahrepps að fundartímum sveitarstjórnar
Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2018 klukkan 8:30.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 7. Flóaljós – afgreiðsla á tilboðum í gerð útboðsgagna**
Guðmundur Daníelsson mætti til fundarins. Lagt fram minnisblað frá verkefnisstjóra Flóaljóss þar sem koma fram upplýsingar um verðtilboð vegna gerðar útboðsgagna fyrir framkvæmdaþátt Flóaljóss. Þrjú aðilar skiluðu inn tilboði í verkið og er niðurstaðan eftirfarandi án virðisaukaskatts:

Efla:	2.136.000 kr
Verkís	1.290.000 kr
Frostverk	750.000 kr

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að taka lágsta tilboði. Upplýsingum um framvindu verksins verður bætt á heimasíðu Flóaljóss.
- 8. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni**
Í erindinu er óskað eftir afritum af bókhalds- og samskiptagögnum vegna aðalskipulagsgerðar. Sveitarstjóra falið að kanna hjá Sambandi íslenskra íslenskra sveitarfélaga hvaða gögn er heimilt að afhenda bréfitara varðandi málið. Afgreiðslu að öðru leyti frestað til ágústfundar sveitarstjórnar Flóahrepps.
- 9. Persónuverndarstefna Flóahrepps**
Lögð fram drög að persónuverndarstefnu fyrir sveitarfélagið Flóahrepp.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi drög með 5 atkvæðum.
- 10. Fundargerðir:**
 - a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 204, dags. 13.06.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - b) Stjórnar UTU bs nr. 53, dags. 21.06.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - c) Stjórnar UTU bs nr. 54, dags. 28.06.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - d) Héraðsnefndar Árnesinga nr. 12, dags. 30.04.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - e) Stjórnar Bergrisans nr. 34, dags. 18.06.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - f) Aðalfundur Bergrisans dags. 18.06.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - g) Stjórnar SASS nr. 533, dags. 01.06.2018**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- 11. Til kynningar:**
 - a) Skýrsla stjórnar Háskólafélags Suðurlands ásamt ársreikningi fyrir árið 2017**
 - b) Öldungaráð sveitarfélaga – sbr. ný og breytt lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka gildi 1. október 2018**

- c) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga – 622. mál ásamt minnisblaði um kostnað sveitarfélaga af nýjum lögum um persónuvernd
- d) Frá Jafnréttisstofu – Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum
- e) Samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga
- f) Ný áætlun Tónlistarskóla Árnesinga tekur gildi 1. júlí 2018
- g) Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti – eftirfylgni með úttekt á Krakkaborg

12. Önnur mál:

Flóahreppur hefur til meðferðar framkvæmdaleyfisumsókn Selfossveitna vegna rannsóknarboranna.

Málið var tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar þann 24.05.2018. Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var bókun skipulagsnefndar staðfest og fékk málið eftirfarandi afgreiðlu. *Stóra-Ármót L 166274: Rannsóknarboranir: Framkvæmdaleyfi - 1805049 Lögð er fram umsókn Selfossveitna dags. 11.05.2018 þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir rannsóknarboranir í landi Stóra Ármóts lnr. 166274. Fram kemur í umsókn að Selfossveitur hafi nýlega skrifað undir samning við Búnaðarsamband Suðurlands um útvíkkun á vinnslu og leitarsvæði jarðhita í landi Stóra Ármóts. Þessi samningur er vibót við núverandi samning frá árinu 2000 en Selfossveitur hafa verið með vinnslu á svæðinu síðan þá. Áætlað er að byrja á tveimur holum sem tilgreindar eru nánar í meðfylgjandi skýrslu ÍSOR en stefnt verður á fleiri holur á næstu misserum. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag svæðis leggur nefndin til að leitað verði umsagna skv. gr. 5.11.2. skipulagsreglugerðar hjá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Fiskistofu. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.*

Þar sem umsagnir þessara aðila liggja fyrir samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps útgáfu framkvæmdaleyfis vegna umræddrar rannsóknarborunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundi slitið klukkan 11:00.

Árni Eiríksson (sign)
 Rósa Matthíasdóttir (sign)
 Hrafnkell Guðnason (sign)
 Margrét Jónsdóttir (sign)
 Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)
 Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)